

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Selfoss, 23.11.2023
UST202301-252/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19. september 2023 - Múlaþing, Tjarnarland

Þann 19. september sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Múlaþings í Tjarnarland. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Framsetningu skýrsluskila. Við skýrsluskil ársins 2022, vantar inn merkingar á mælieiningar í Viðauka 2. Þörf er á að yfirfara framsetningu við skýrsluskil, þannig að skýrt sé hvaða sýni tilheyra hverri mælingu og staðsetningu. Sjá nánar tillögur í eftirlitsskýrslu.
2. Vegna skila á úrgangstölum í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Þörf er á sundurliðun á skráningum á milli urðunarstaða sveitarfélagsins, svo það sé skýr aðgreining hvað er verið að urða á hverjum stað. Skráningum úrgangs skulu samræmast 11. gr. reglugerðar nr. 738/2003.
3. Að gefnu tilefni er rekstraraðili minntur á að kynna sér skyldur rekstraraðila sbr. 38 og 40 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt III kafla reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg og snýr að fráviki er varðar geymslu á dekkjarkurli á urðunarstað.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Sekkir með dekkjarkurli voru tiltæk á urðunarstað við eftirlit. Samkvæmt rekstraraðila, stóð til að urða dekkjarkurlin. Óheimilt er að urða dekkjarkurl á urðunarstað Tjarnarlands.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Vantar inn mælingar á samsetningu grunnvatns, sem eiga að vera mældar 2x á ári. Vantar einnig inn skráningar á sjónrænu eftirliti með fitu í yfirborðsvatni, sem þarf að gera 2x á ári.

Úrgangsskráningar þurfa að vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

3. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Var ársskýrslu skilað inn þann 26. júní síðastliðinn.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. desember 2023.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur